

Lög

um breytingu á lögum á sviði íþróttar- og æskulýðsstarfs (hlutverk samskiptaráðgjafa, öflun upplýsinga o.fl.).

I. KAFLI

Breyting á lögum um samskiptaráðgjafa íþróttar- og æskulýðsstarfs, nr. 45/2019.

1. gr.

Á eftir 2. tölul. 2. mgr. 5. gr. laganna kemur nýr tölvuliður, svohljóðandi, og breytist röð annarra tölvulaða samkvæmt því: Afla upplýsinga vegna mála einstaklinga sem til hans leita þar sem greint er frá að viðkomandi hafi orðið fyrir atvikum eða misgerðum í tengslum við starfsemi sem fellur undir gildissvið laga þessara og að greiða leið slíkra mála, svo sem með útgáfu ráðgefandi álita til viðeigandi aðila.

2. gr.

Við 6. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Samskiptaráðgjafa íþróttar- og æskulýðsstarfs er heimil vinnsla persónuupplýsinga sem nauðsynleg er til að hann geti sinnt hlutverki sínu á grundvelli laga þessara. Heimild þessi tekur til vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga og annarra upplýsinga viðkvæms eðlis, þ.m.t. heilsufarsupplýsinga og upplýsinga um félagslegar aðstæður einstaklinga, svo og upplýsinga um refsiverða háttsemi og ætlaða refsiverða háttsemi.

Að því marki sem nauðsynlegt er fyrir framkvæmd laga þessara er samskiptaráðgjafa íþróttar- og æskulýðsstarfs heimilt að miðla upplýsingum til þeirra aðila sem falla undir gildissvið laganna. Heimild þessi tekur til miðlunar viðkvæmra persónuupplýsinga og annarra upplýsinga viðkvæms eðlis, þ.m.t. heilsufarsupplýsinga og upplýsinga um félagslegar aðstæður einstaklinga, svo og upplýsinga um refsiverða háttsemi og ætlaða refsiverða háttsemi.

3. gr.

Við 1. mgr. 7. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Samskiptaráðgjafi íþróttar- og æskulýðsstarfs er bundinn þagnarskyldu skv. X. kafla stjórnsýslulaga.

4. gr.

Við 1. mgr. 8. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Í reglugerðinni skal jafnframt fjallað um fræðslu um vinnslu og miðlun persónuupplýsinga.

II. KAFLI
Breyting á íþróttalögum, nr. 64/1998.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. laganna:

- a. Á eftir orðunum „XXII. kafla“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: 211. eða 218. gr.
- b. 2. mgr. orðast svo:

Stjórnendur þeirra aðila sem falla undir lög þessi og sinna íþróttastarfí barna og ungmenna undir 18 ára aldri eiga rétt til upplýsinga úr sakaskrá um það hvort tiltekinn umsækjandi um starf á þeirra vegum hefur hlotið dóm vegna brota sem 1. mgr. tekur til, að fengnu samþykki hans. Á þetta einnig við um upplýsingar um þá sem falin er umsjón með börnum og ungmennum undir 18 ára aldri á grundvelli sjálfboðaliðastarfs.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 9. júní 2023.